



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar

REYKJAVÍK – MENNINGARBORG 2000

Í Landnámabók, hinu forna riti um upphaf Íslandsbyggðar, er lýst leit víkingsins Ingólfs Arnarsonar að vænlegum bústað. Öndvegissúlurnar, táktré guða hans og trúar, leiddu hann að fögru bæjarstæði með tignarsýn til fjalla og jökuls, heitum laugum og fengsælum fiskimiðum.

Reykjavík er upphafsreitur Íslandsbyggðar enda Ingólfur „frægastur allra landnámsmanna, því að hann kom hér að óbyggðu landi og byggði fyrstur landið“ eins og segir í hinni fornu bók.

Fáar höfuðborgir eiga svo einstæðan sess í sögu lands og þjóðar. Íslendingar hafa ávallt sótt innblástur í þessa örlagasögu um fund Reykjavíkur og búsetu hinnar fyrstu fjölskyldu.

Á okkar tíð er Reykjavík miðstöð menningar og lista, sannkallað orkuver nýsköpunar og fjölbreytileika. Í hverri viku er hægt að velja um 20 – 30 leiksýningar í borginni og fjölda tónleika. Sérhverja helgi frá haustdögum til vornóttu eru opnaðar svo margar nýjar málverkasýningar að áhugasamir unnendur lista og menningar hafa ekki undan. Glæsilegar bókabúðir minna á úrvalið í háborgum heimsins enda útgáfa íslenskra skáldsagna og ljóðabóka, fræðiriti og ævisagna auk þýðinga á erlendum heimsbókmenntum meiri á Íslandi en í löndum sem telja tugmilljónir íbúa.

Vinur minn nefndi fyrir nokkru að vilji menn kynnst hvernig hámenning geti þróast í lítilli borg líkt og Aþenu og Róm til forna þá sé kjörið að gera sér ferð til Reykjavíkur. Slík er sú gosstöð lista og menningar, tónlistar, skáldskapar, leikhúsa og málverka sem hér er að finna.

Og ekki sakar að geta rætt um nýja reynslu og rifja upp gamlar minningar við frábærar máltíðir á fjölmörgum úrvals veitingahúsum Reykjavíkur. Þar eru sjávarréttir og íslenska fjallalambið slíkt gómsæti að margir eru staðráðnir í að koma aftur til Íslands – bara til að borða!

Náttúran sjálf, fjöllin og hafið, litadýrð hrauns og heiða, gönguferðir í næsta nágrenni þar sem auðvelt er að njóta dýrðar sjálfs sköpunarverksins, einn eða í vinahópi, allt er það svo ábætir sem gerir dvölinu í Reykjavík að ógleymanlegri lífsreynslu.

Við fögnum því að Reykjavík verður árið 2000 menningarborg Evrópu. Í raun er sú nafnbót staðfesting á daglegri reynslu en jafnframt tilefni til að gera gestum okkar glaðan dag.